

Samtengingar

Samtengingar eru smáorð sem tengja saman einstök orð eða orðasambönd.

Dæmi: Egill **og** Pétur eru vinir. Pétur fer **þegar** tíminn er búinn. Er þetta Pétur **eða** Egill?

Samtengingar eru ýmist eitt orð (einyrtar) eða fleiri (fleiryrtar).

- Penninn er ónýtur **svo að** ég verð að kaupa nýjan.

Sumar fleiryrtar samtengingar eru svokallaðar „fleygaðar samtengingar“, því skotið er öðrum orðum inn á milli.

- **bæði–og, hvorki–né, annaðhvort–eða, ýmist–eða, hvort–eða.**

Verkefni

1. Hvert er hlutverk samtenginga?

2. Skrifaðu málsgreinar þar sem þú notar samtengingar fremst í línunni.

og _____

en _____

þótt _____

eða _____

þó að _____

þegar _____

sem _____

enda _____

3. Gerðu hring um samtengingar.

Ég fór með manni og börnum til Akureyrar í ár. Við lögðum af stað um hádegið en hefðum mátt fara fyrir. Ákveðið var að fara austur fyrir land svo að frænka okkar sem býr á Höfn kæmist með okkur. Ferðin tókst vel bæði fyrir okkur og börnin. Veðrið lék

við okkur þó að sólin hafi skinið full mikið meðan við ókum. Þegar við komum á Egilsstaði fórum við í sund enda kominn tími til að þvo af sér ferðarykið. Eftir sunnið kíktum við inn í Hallormsstaðaskóg vegna þess að þar eigum við ættingja sem höfðu boðið okkur gistingu. Í bítíð næsta dag héldum við ferðinni áfram til að ná setningu ættarmótsins.

4. Skrifaðu stutta frásögn með a.m.k. fjórum samtengingum og gerðu hring um þær.

5. Skrifaðu frásögnina aftur og settu punkt í stað samtengingar alls staðar þar sem það er hægt.

6. Gerðu hring um samtengingar og strikaðu undir fallorð.

Ég á hring og armband en ekki hálsfesti sagði stelpa. Hún leit öfundaraugum á gömlu frænku sína sem sat í stofusófanum eins og illa skreytt jólatré.

7. Skrifaðu fimm samtengingar sem eru fleiri en eitt orð og búðu til málsgrein með hverri þeirra.
